

Umhverfis- og framkvæmdaráð  
Skipulags- og byggingaráðs  
Fræðsluráð  
Menningarmálanefnd  
Íþróttá- og tómstundanevnd  
Hafnarfirði 29. október 2015

## **Tillögur starfshóps um framtíðarnotkun Víðistaðatúns**



Matthías Freyr Matthíasson  
Berglind Guðmundsdóttir  
Geir Bjarnason  
Kristín Thoroddsen  
Júlíus Andri Þórðarson  
Marín Hrafnisdóttir

Helstu tillögur

Áætlun til þriggja/fjögurra ára um uppbyggingu á túninu þar sem svæðinu er skipt í þrjá hluta:

**Svæði 1 – Framkvæmdaáætlun árið 2016**

- Fjölga leiktækum, setja upp grillaðstöðu fyrir hópa og fjölga þar bekkjum og borðum.
- Þá er lagt til að innkoman inn á túnið Hraunbrúnarmegin verði afmörkuð betur með því að opna inn í garðinn á áberandi hátt af Hraunbrúninni.

**Svæði 2 – Framkvæmdaáætlun árið 2017**

- Veita skátunum leyfi fyrir „skátaþrautabraut“ sem næst skátaheimilinu.
- Afmarka svæði fyrir golf/minigolf sem stýrt verður frá skátaheimilinu.
- Lýsa upp sleðabrekkuna fyrir neðan kirkjuna.
- Laga grindverk utanum tennisvöllinn.

**Svæði 3 – Framkvæmdaáætlun árið 2018**

- Taka í gegn skóginn sem þarna er, setja göngustíga með kurlu, setja bekki og sígrænan gróður.
- Hanna og laga lýsingu.
- Fara í endurbætur á útilíkamsræktartækjum og fjölga þeim.

**Almennt**

- Huga þarf að því að halda ákveðnum opnum svæðum óbreyttum til að nýta megí túnið til ýmissa viðburða og ef þörf verður á því að stækka tjaldsvæðið.
- Hanna þarf kort/yfirlitsmynd af svæðinu.
- Þá telur hópurinn tækifæri felast í samstarfi við skátana í uppbyggingu Víðistaðatúns.



Skipulags- og byggingaráð skipaði starfshóp í byrjun árs 2015 sem hafði það hlutverk að skoða hvað mætti gera til að auka mannlíf og notkun útivistarsvæðisins á Víðistaðatúni. Í starfshópinn voru skipaðir: Matthías Freyr Matthíasson frá Íþróttá- og tómstundanevnd, sem er formaður, Geir Bjarnason æskulýðsfulltrúi, Kristín Thoroddsen frá menningar- og ferðamálanefnd, Marín Hrafnisdóttir menningar- og ferðamálafulltrúi, Júlíus Andri Þórðarson frá Skipulags- og byggingarráði og tengiliður við skipulags- og byggingarsvið er Berglind Guðmundsdóttir.

Víðistaðatún er ein af perlum Hafnarfjarðar og á stóran sess í hugum Hafnfirðinga. Hlutverk starfshópsins var að móta framtíðarsýn og auka nýtingu á Víðistaðatúni. Nýting túnsins hefur að okkar mati mátt vera meiri og er það okkar skoðun að til þess að auka megi nýtingu túnsins þurfi að gera túnið fjölskylduvænna, fjölga afþreyingarmöguleikum sem og að búa til forsendur fyrir fólk til að koma og dvelja á túninu. Túnið á einnig að vera heilsueflandi og mikilvægt að hugað sé að því að þar sé hægt að koma og stunda líkamsrækt, útivist og njóta umhverfisins og samneytis við annað fólk. Hópurinn leitaði eftir hugmyndum bæjarbúa varðandi framtíðarnýtingu á svæðinu, haldinn var opinn íbúafundur í apríl í Hraunbyrgi, auglýst var og óskað eftir athugasemdum og hugmyndum í bæjarblöðum og á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar auk þess sem leitað var til skólanna tveggja sem liggja að túninu.

Víðistaðasvæðið liggur á mörkum gamla vesturbæjarins og norðurbæjar, innrammað af hraunjaðri og aðliggjandi íbúabyggð. Kjarninn er sjálft túnið en talið er að svæðið hafi verið beitt allt frá landnámi. Svæðið er vettvangur útivistar, íþróttaiðkunar, ferðamennsku og ræktunar. Túnið hefur haft sess í atvinnusögu bæjarins, bæði í leifum fiskreita Bookless bræðra og þarna hefur verið stunduð lifrabræðsla fyrirtækisins Isac Spencer & Co og um 1950 var þarna starfrækt sláturhús. Þarna var bú á fyrri hluta 20 aldar. Innan svæðisins eru nokkrar fornleifar og menningarminjar, fiskreitir og leifar af hlöðnum gördum. Norðvestan við kirkjuna er að finna tvær litlar rústir og garð skilgreindur sem fornleif. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar eru leifar að þessum hleðslum hverfisverndaðar ásamt óröskuðu hrauni og í gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið er m.a. gert ráð fyrir skrudgarði og grasagarði, starfstöð fyrir garðyrkjustjóra, skólagörðum og plöntureitum.



Víðistaðatún er stórt og til þess að átta sig betur á verkefninu var ákveðið að skipta túninu upp í þrjú svæði

- Svæði 1
  - Liggur í kringum tjarnirnar frá Garðavegi að Garðavöllum og afmarkast við göngustíg sunnanmegin og að Hraunbrún.
- Svæði 2
  - Frá Skátaheimilinu fram yfir tjaldstæðið, að Víðistaðakirkju yfir tennisvöllinn að Garðavegi og liggur við svæði 1.
- Svæði 3
  - Svæðið sem er norðanmegin við Garðveg, að skólagörðum.



### Svæði 1 – Lokið sumar 2016

#### Leiktæki, grillaðstaða og bekkir og borð

Við hugsum svæðið sem stað til að vera á, njóta útiveru, grilla og taka þátt í leikjum með börnum. Ástæðan fyrir því að við sjáum öll leiktæki á sama stað er sú að þá geta foreldrar fylgst með börnum sínum og tyllt sér niður við borð og bekki við víkingalundinn. Einnig hefur Hjallastefnan nýtt



Þetta svæði til leiks og starfs og því þeirra hagar að leiktækjum sé ekki dreift víða um túnið. Við sjáum fyrir okkur að hægt sé að byrja á framkvæmdum nú í sumar og halda síðan áfram í vetur og næstkomandi vor og ljúka framkvæmdum að hausti 2016. Hópurinn er áhugasamur um flutningshús/kaffihús þar sem möguleiki er á útítonleikum, samkomum og ýmsum viðburðum

**Þá er lagt til að innkoman inn á túnið Hraunbrúnarmegin verði afmörkuð betur með því að opna inn í garðinn á áberandi hátt af Hraunbrúninni.**

**Hanna þarf kort/yfirlitsmynd af svæðinu.**

**Setja upp fleiri skilti með upplýsingum um áhugaverða staði.**

**Byggja þarf bryggju fyrir báta við tjörnina.**

#### Víkingalundur

- Skipta út grasi fyrir hellur í Víkingalundinum.
- Taka trjástúfa og annað sem þar er.
- Taka Víkingaskýlið í burtu og setja upp grillhús.
- Setja bekki og borð inn í lundinn.
- Setja grill í miðjuna, byrja á einu grilli og sjá til með að fjölga, fer eftir nýtingu grillsins.
- Setja upp ruslatunnur.

#### Leiksvæði

- Laga undirlag aparólunnar.
- Setja upp grasbólur – nokkurs konar stórar þúfur sem gaman er að þríla upp á.
- Fjölga leiktækjum, hugsanlega leita eftir stuðningi frá fjársterkum fyrirtækjum í bænum – klifurgrind, sandkassi, trébátar, kofar.



#### Almennt

- Klára hleðslu við tjarnirnar.
- Fjölga bekkjum við göngustíga.
- Hreinsa tjarnirnar.
- Setja fiska í vatnið.
- Útbúa hjólastíga á svæði sem nú er möl og liggur við Garðaveg.
- Kanna uppsetningu á hreystibraut við norðurtjörnina.
- Kanna hvort setja megi upp gosbrunn í tjörnina.
- Laga hólmann, með það fyrir augum að auka fuglalíf.
- Lýsa upp kletta og hraunmyndir á veturna.
- Endurvekja uppsprettu á votlendissvæðinu við tjörn.
- Fjölga plöntum og trjám á svæðinu þar sem nú þegar eru tré, setja upp bekki og ruslakassa og hugsanlega má útbúa „míni“ lystigarð með sjaldgæfum plöntum, trjám og berjarunnum.
- Finna stað fyrir upplýsingatöflu/kort af svæðinu.

**Kostnaðarmat fyrir þennan hluta eru 20 milljónir króna.**

### **Svæði 2 – Lokið haust 2017**

- Veita skátunum leyfi fyrir „skátaþrautabraut“ sem næst skátaheimilinu.
- Afmarka svæði fyrir golf/minigolf sem stýrt verður frá skátaheimilinu, mögulega hægt að kalla eftir þjónustu/þátttöku Keilis.
- Halda túninu sem mest óhreyfðu.
- Lýsa upp sleðabrekkuna fyrir neðan kirkjuna.
- Laga grindverk utanum tennisvöllinn.
- Athuga möguleika á því að fá skautasvellsmottur sem hægt væri að setja á tennisvöllinn að vetri til. Motturnar eru úr plasti.

**Kostnaðarmat fyrir þennan hluta eru 20 milljónir króna.**

### **Svæði 3 – Lokið haust 2018**

- Laga mörk á sandvelli.
- Taka í gegn skóginn sem þarna er, setja göngustíga með kurli, setja bekki og sígrænan gróður, þarna er mikið skjól og mikið dýralíf sem gaman væri að hægt væri að njóta betur.
- Gera úttekt á listaverkum, gildi þeirra og viðhaldi og hugsanlega mætti setja fleiri listaverk víðar á túninu.
- Laga lýsingu.
- Endurbæta þarf útilíkamsræktartækin og fjölga þeim.

**Kostnaðarmat fyrir þennan hluta eru 20 milljónir króna.**

### **Allt svæðið**

Huga þarf að því að halda ákveðnum opnum svæðum óbreyttum til að nýta megi túnið til ýmissa viðburða og ef þörf verður á því að stækka tjaldsvæðið. Ef um stóra viðburði í bænum er að ræða er nauðsynlegt að hafa aðgang að stóru opnu svæði. Í dag er þar frisbigolf og er nokkuð góð nýting hvað það varðar.

**Almennt séð er nauðsynlegt að fjölga bekkjum sem víðast bæði á opnum svæðum sem og við göngustíga. Einnig þarf að fjölga ruslatunnum eða fallegum ruslakössum sem festir eru við bekki. Lýsingu er ábótavant til að stuðla að öryggi almennings.**

Loka þarf göngustíg við tjaldstæði sem liggur niður frá skátaheimilinu.

Setja þarf hraðahindrun á Garðaveg frá kirkju að Hraunbrún.

Þá telur hópurinn tækifæri felast í samstarfi við skátana í uppbyggingu Víðistaðatúns. Gott samstarf við skátana er lykilatriði bæði til hagsbóta fyrir bæjarbúa sem og skátana sjálfa. Aðstaða við skátaheimilið er nú þegar til fyrirmyndar en þar er til að mynda salernisaðstaða sem fýsilegt er að hægt sé að nota fyrir almenning allt árið um kring.

Setja þarf upp kort af svæðinu þar sem merkt er inn á kortið helstu staðir eða afþreying, útilistaverk og gönguleiðir.

Viðhalda þarf göngustígum svo nýta megi þá betur, lengdarmæla fyrir göngu- og skokkhópa og þannig hvetja til notkunar, mikilvægt að halda þeim hreinum að vetri til einnig.

Huga mætti meira að því að nota vatn til að skapa ákveðna stemningu. Mikilvægt er að halda í listaverkin þó ekki þau sem eru orðin lúin.

Halda gönguleiðum opnum að vetri til og sjá til þess að stígar séu mokaðir svo hægt sé að komast leiðar sinnar og hlauparar geti nýtt túnið að vetri til.

Fjölga mætti gróðri sem hjálpar til við skjólmyndun.

Mikilvægt er að Víðistaðatún fái fjárveitingu fyrir ofangreindu og að vilji sé hjá bænum til að gera svæðið að fjölskyldu paradís fyrir bæjarbúa. Í því felst að þar sé hægt að njóta útiveru á sem viðtækastan máta og stuðla að góðri og sterkri ímynd bæjarins. Markmiðið á fyrst og fremst að vera að bæjarbúar geti nýtt sér túnið en einnig að setja svæðið á kortið sem áningarstað fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Þá er mikilvægt að svæðið hafi gildi fyrir skólahópa, bæði þá sem búa við svæðið sem og aðra.

Hafnarfjörður 29. október 2015

Matthías Freyr Matthíasson  
Kristín Thoroddsen  
Júlíus Andri Þórðarson  
Geir Bjarnason  
Berglind Guðmundsdóttir  
Marín Hrafnisdóttir





27.03.2015

## **Erindisbréf**

### **Starfshópur um Framtíðarnotkun Víðistaðatúns**

Íþróttá- og tómstundanevnd samþykkti 03.10.2014 að leggja til við fjölskylduráð að skipaður verði starfshópur varðandi útivistarsvæðið á Víðistaðatúni. Formaður ÍTH verður formaður nefndarinnar. Í starfshópnum sitja 6 aðalmenn: Matthías Freyr Matthíasson frá Íþróttá- og tómstundanevnd, sem er formaður, Geir Bjarnason æskulýðsfulltrúi, Kristín Thoroddsen frá menningarmálanefnd, Marín Hrafnisdóttir menningarmálafulltrúi, Júlíus Andri Þórðarson frá Skipulags- og byggingarráði og tengiliður við skipulags- og byggingarsvið er Berglind Guðmundsdóttir.

### **Hlutverk**

Starfshópurinn hefur það verkefni að vinna áætlun um að móta framtíðarskipulag Víðistaðatúnssvæðisins og draga fram nýjar fjölskylduvænar hugmyndir um aukna nýtingu bæjarbúa á svæðinu. Markmiðið verði að auka möguleika bæjarbúa til að nýta Víðistaðatún til útiveru í fjölskylduvænu umhverfi.

Víðistaðatún er innanbæjar-útivistarperla Hafnarfjarðar. Frá því að 17. júní flutti í miðbæinn virðist sem að umhirða svæðisins hafi minnkað. Einnig virðist sem viðhalda á þeim útivistar- og leiktækjum sem þar eru hefur verið með minna móti síðustu misseri. Fátt hefur verið gert síðustu ár til að auka notkun bæjarbúa á svæðinu fyrir utan frísbívöllinn.

Starfshópurinn skoðar gögn sem til eru um svæðið. Hópurinn leitar eftir hugmyndum bæjarbúa varðandi framtíðarnýtingu á svæðinu. Sérstaklega skal leitað til íbúa búa nálægt svæðinu og aðila sem eru með starfsemi á túninu og í kringum túnið.

### **Skipulag, tímarammi og umfang verkefnis.**

Starfshópurinn tekur til starfa í mars 2015 eftir að erindisbréf hefur verið afgreitt af fjölskylduráði, menningarmálanefnd og Skipulags- og byggingarráði og starfar hópurinn í umboði þeirra.

Hópurinn skal funda að jafnaði á tveggja vikna fresti og verður greitt fyrir fundarsetu skv. reglum Hafnarfjarðarbæjar, að hámarki 10 sinnum. Starfshópurinn getur leitað til og kallað á fund aðra starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar eftir þörfum vegna verkefnisins. Starfshópurinn skal halda fundargerð sem verða lagðar fram með tillögum starfshópsins. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis fjölskylduráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Lokaskýrslu með tillögum skal skilað til fjölskylduráðs, menningarmálanefndar og Skipulags- og byggingaráðs í síðasta lagi 1. október 2015.

Varðandi almenna vinnutilhögun og viðmið er vísað í samþykktar, Reglur fyrir starfsnefndir á vegum skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar frá 14. desember 2010